

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Fischersetur á Selfossi.

#### 1. gr.

##### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Fischersetur á Selfossi og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

#### 2. gr.

##### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er á Selfossi.

#### 3. gr.

##### *Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að koma upp safni um skákmeistarann Robert Fischer, segja sögu hans og sýna myndir, og ber þar hæst skákeinvígi aldarinnar 1972. Ennfremur hafa þar aðstöðu fyrir Skákfélag Selfoss og nágrennis, þar sem skákmenn geta teft, lært og aflað sér ýmiss fróðleiks um skáklistina. Ennfremur að þar verði kynningar og fyrirlestrar um ýmislegt efni tengt skáklistinni, þannig að hér verði um einhvers konar lifandi sýningarsetur að ræða.

#### 4. gr.

##### *Stofnendur.*

Stofnandi stofnunarinnar er Gunnar Finnlaugsson, kt. 030647-2039 og er stofnframlag hans 1.045.000. kr.

#### 5. gr.

##### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.045.000 kr., sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

#### 6. gr.

##### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð sjö mönnum til 2 ára í senn. Fjórir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu frá eftirtöldum aðilum: Skákfélagi Selfoss og nágrennis, Byggðasafni Árnesinga, Skák-sambandi Íslands og Skákskóla Íslands. Í fyrstu stjórn skulu þrír stjórnarmenn vera kjörnir af undirbúningshópi og stofnanda án tilnefningar, en eftirleiðis skulu þessir þrír einstaklingar tilnefndir af framkvæmdastjórn félagsins.

Tveir varamenn skulu ávallt tilnefndir. Annar þeirra skal tilnefndur af Sveitarfélaginu Árborg og hinn af Flóahreppi. Fyrsti varamaður er frá Flóahreppi.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi félagsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

#### 7. gr.

##### *Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar skal ráða þriggja manna framkvæmdastjórn ásamt varamanni til 2 ára (en fyrsta framkvæmdastjórn er til 1 árs). Fyrsta framkvæmdastjórn skal ráðin af undirbúningshópi og stofnanda. Einn skal koma úr stjórn félagsins en hinir tveir þurfa ekki að vera í stjórn félagsins.

Framkvæmdastjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Framkvæmdastjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Framkvæmdastjórn á rétt til setu á stjórnarfundum þótt þeir séu ekki stjórnarmenn, en þeir fara þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjórn ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Framkvæmdastjórn er heimilt að ráða gjaldkera fyrir félagið.

Framkvæmdastjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir framkvæmdastjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykta, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki.

Ef félagið er lagt niður skal ráðstafa fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að allir munir fari til Þjóðminjasafns Íslands og allt fé renni til að minnsta kosti fimm eða fleiri stjálfstæðra félaga og/eða stofnana, sem vinna að eflingu skákíþróttarinnar eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 3. apríl 2013.*

**Bjarni Stefánsson.**

\_\_\_\_\_  
*Björn Ingi Óskarsson.*